

Mannauðs-og mannréttindastefna

Höldur ehf. kappkostar að vera framúrskarandi vinnustaður þar sem umhyggja er borin fyrir sérhverjum starfsmanni og rík áhersla er lögð á mannréttindi í allri starfsemi fyrirtækisins. Með áherslu á starfsmannaval, jafnrétti, launajafnrétti, starfsumhverfi, upplýsingastreymi, starfsþróun og fyrirtækjamenningu er skapaður eftirsóknarverður vinnustaður.

Stefna fyrirtækisins er að hafa yfir að ráða hæfu, ábyrgu og áhugasömu starfsfólki sem sameiginlega skapar vinnuumhverfi, sem einkennist af metnaði, jákvæðni og virðingu.

Höldur fylgir eftirfarandi áherslum:

- Fyrirtækið ræður og hefur á að skipa **hæfu starfsfólki** sem uppfyllir kröfur um fagþekkingu, verkkunnáttu og reynslu.
 - **Jafnréttis** skal gætt í hvívetna og rík áhersla á að allt starfsfólk fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.
 - **Að launajafnrétti** sé til staðar hjá fyrirtækinu þar sem allt starfsfólk fái jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Fyrirtækið starfar samkvæmt vottuðu jafnlaunakerfi.
 - **Starfsþróun** er samstarfsverkefni fyrirtækis og starfsfólks sem Höldur stuðlar að með því að bjóða reglulega upp á námskeið, styrkja og hvetja til virkrar sí- og endurmenntunar. Virk þjálfunaráætlun er ávallt til staðar fyrir alla starfsmenn.
 - **Fjölbreytni** á vinnustað er mikilvæg fyrir árangur og nýsköpun. Með faglegu ráðningarferli er ávallt horft til hæfni umsækjenda og leitast við að finna hæfasta einstaklinginn í rétt starf hverju sinni. Við horfum til þess að auka fjölbreytileika innan hópa og **jafna kynjahlutfall**.
 - Að **aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi** sé til staðar á vinnustöðvum og að lágmarki í samræmi við lagalegar kröfur. Það eru gagnkvæmir hagsmunir allra að vellíðan og heilbrigði starfsfólks sé haft að leiðarljósi. Allir starfsmenn sem hefja störf hjá fyrirtækinu fara í gegnum nýliðakynningu sem meðal annars felur í sér fræðslu í öryggismálum.
 - Að **starfsfólki líði vel í vinnu** og því er áhersla lögð á opin samskipti, góðan starfsanda og vellíðan í starfi. Þannig taka allir þátt í að skapa umhverfi sem er laust við einelti, fordóma og kynferðislega áreitni.
 - Skapa starfsfólki aðstæður til að samræma kröfur **starfs- og fjölskylduábyrgðar** eins og kostur er. Lögð er áhersla á aðlögun að starfslokum hjá þeim starfsmönnum sem ljúka starfsævinni hjá Höldi svo viðskilnaðurinn verði báðum aðilum jákvæður.
 - **Þagnarskyldu** sem gildir um allt það sem snertir hag fyrirtækisins og viðskiptavina. Starfsmenn byggja ákvarðanir sínar á góðum viðskiptaháttum, lögum og reglugerðum auk réttisýni, kurteisi og lipurðar í garð samstarfsmanna, viðskiptavina og annarra sem þeir hafa samskipti við í starfi sínu.
- Höldur virðir mannréttindi** í hvívetna og **barnaþrælkun, nauðungarvinna og önnur mannréttindabrot eru ekki líðin** í starfsemi fyrirtækisins. Sömu kröfur eru gerðar til samstarfsaðila, birgja og annara hagsmunaaðila og Höldur áskilur sér þann rétt að slíta viðskiptasambandi ef samstarfsaðili eða birgi verður uppvís að mannréttindabrotum.

